Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist !

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

7. tbl. 3. apríl - 24. apríl 1979 Verð kr 200

Berjumst gegn árásum arðránsaflanna!

2

Sigurður Tr. Sigurðsson verkamaður



Sagði af sér öllum trúnaðarstörfum fyrir Verkamanna-félagið Hlíf

8

Hjartnæmt handtak

4

Víetnam: 800.000 í fangabúðum!

6

Stjórnarmenn í Starfsmanna félagi Reykjavíkur:

Skömmtuðu sér milljón í kaup

Ný hreyfing, samtök baráttusinna í Starfsmanna-félagi Reykjavíkurborgar, hefur stuðlað að því að ýmsar athyglisverðar upplýsingar um starf og stefnu Þórhalls Halldórssonar og fylgifiska hans í stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, hafa verið dregnar fram í dagsljósið. Það sem einna mesta athygli hefur þó vakið, eru kaupgreiðslur sem stjórnarmenn skömmtuðu sér á liðnu ári. Alls voru greidd til ýmissa einstaklinga stjórnar- og félagsgjöld að upphæð kr. 10.4 milljónir. Þar af fékk Þórhallur formaður litlar 2.1 millj. króna, en við nánari eftirgrennslan félaga Nýrrar hreyfingar kom í ljós að þessi upphæð er ennþá hærri, eða um 2.8 milljónir! Þá fékk Ingimar Karlsson gjaldkeri 1.3 millj., Eyþór Fannberg ótilgreinda upphæð og Arnþór Sigurðsson 433 þúsund kr.

Það skal tekið fram, að formaður og gjaldkeri eru á fullu kaupi hjá Reykjavíkurborg og sinna félagsmálum að hluta til í vinnutíma sínum. Því má sjá, að þessir menn verðleggja störf sín ríflega og er ekki að undra að þeir reyni með öllu móti að halda í forréttindastöðu sína í

5

Með samstöðunni hafðist það

RÁN HF 42 (áður GK 42)

Á vinnustöðum koma oft upp meiri og minni háttar árekstrar milli eigenda og verkafólks. Ein slík deila kom upp á milli útgerðarmanna síðutogarans RÁNAR HF 42 og skipverja. Ránin veiðir eingöngu fyrir erlendan markað og landar því aldrei heima. Að loknum siglingum kemur skipið inn í heimahöfn í Hafnarfirði, og vaninn hefur verið að stoppað væri í fjóra daga, áður en farið væri aftur á veiðar. Þetta hefur útgerðarmönnum tekist að skera niður í þrjá daga, og hefur það valdið talsverðri óánægju um borð. Sjá allir að þrír dagar eru engin ofrausn til að ljúka þeim útréttingum, sem menn þurfa að standa skil á, og til þess að fá einfaldlega að vera heima hjá sér. Nú um daginn gerðist það svo, að útgerðarmenn Ránarinnar ætluðu að klípa einn dag í viðbót af fríinu. Nokkrir skipverjar létu sér þetta ekki vel líka, og eftir að hafa talað sig saman og náð í fleiri, létu þeir útgerðarmennina vita, að þeir færu ekki út við svo búið. Þeir mundu í mesta lagi mæta um borð við tilkynnta brottför til að hirða dótið sitt. Tveim klukkustundum fyrir brottför gáfust útgerðarherrarnir upp og tilkynntu nýja brottför, sólarhringi síðar.

Þetta er glæsilegur sigur, þótt í smáu sé og þótt hann láti lítið yfir sér. En hann sýnir að það er ástæðulaust fyrir sjómenn sem aðra verkamenn að láta traðka á sér. Hvarvetna þar sem auðherrar og atvinnurekendur reyna brögð sín, getur verkafólk aðeins beitt þessu sterkasta vopni sínu : samstöðunni.

Fréttaritari.

„Samningsréttur þrengdur“

— segir Jóhann L. Sigurðsson um samning BSRB og ríkisstjórnarinnar

Tveir menn greiddu atkvæði gegn samkomulagi BSRB og ríkisstjórnarinnar á fundi framkvæmdastjórnar og samninganefndar BSRB. Voru það fulltrúar Félags íslenskra símamanna, en landsfundur FIS í október sl. sendi einmitt frá sér harðorð mótmæli gegn fyrirhugaðri kjaraskerðingu.

-Verkalýðsblaðið hafði samband við Jóhann L. Sigurðsson, starfsmann FIS. Kvað hann félagsráð FIS eiga eftir að ræða þetta mál og því gæti hann aðeins talað fyrir sjálfan sig. Hann sagðist sérstaklega hafa áhyggjur af túlkun gildandi lagaákvæða um það hverjir mættu ekki fara í verkfall. Taldi hann að þar væru opnir möguleikar á að þrengja verkfallsréttinn gífurlega, m.a. gæti stór hluti félagsmanna FIS tapað verkfallsréttinum með "víðri" túlkun á ákvæðum um öryggisþjónustu. Jóhann sagði enn fremur, að samningsréttur einstakra félaga hefði verið þrengdur mikið, hann tæki nú aðeins til röðunar í launaflokka eftir starfsheitum, en engra annarra sérmála, auk þess sem samningstíminn lengdist úr 2 árum í 3.

Í heild taldi Jóhann ávinning BSRB af samkomulaginu engan veginn réttlæta það að fórna umsaminni launahækkun. Hann áleit þó ekki að félagsráð FIS myndi hvetja félagsmenn sína til að fella samkomulagið. "Við vinnum ekki þannig", sagði Jóhann, "við látum hvern og einn um að taka sína afstöðu".

Nánar er skrifað um BSRB - málið á bls. 3.

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Berjumst gegn árásum arðránsaflanna!

Allt stefnir nú í samkomulag milli stjórnarflokkanna um efnahagsstefnu. Það verður málamiðlun milli fulltrúa auðvaldsins sem vilja engar kauphækkanir, verðbætur eða nokkra útgjaldaaukningu atvinnurekenda og skriffinnanna og stéttasamvinnuforingjanna sem vilja "skynsamlega" rekið auðvaldsskipulag.

KJARAÁRÁSIR SAGÐAR KJARABÆTUR

Ríkisstjórnin hefur látið þjóðhagsstofnun "reikna út" nokkra kaupmáttaraukningu í stjórnartíð sinni og látið hana "spá" svipuðum kaupmætti næsta ár eða svo. Útreikningarnir eru byggðir á því að verðbólga hafi minnkað og því geti skertar verðbætur ekki haft minni kaupmátt í för með sér. En í raun þá hefur verðbólgan verið minnkuð með því að nýta fé sem rænt er af vinnandi fólki til að styrkja fyrirtækin. Auk þess eru útreikningarnir hreint ekki miðaðir við allar verðhækkanir, við skattlagðar tekjur o.fl. sem gerir þá marklitla. Þróun lífskjara verkafólks og annarra alþýðu segir allt aðra sögu en falsreikningar yfirvalda.

GRÓFAR ÁRÁSIR

Nú þegar má sjá grófustu drættina í frumvarpi stjórnvalda:

- Kaupskerðing: Allir kjarasamningar eru brotnir og þeir framlengdir án grunnkaupshækkana í eitt ár. Verðbætur eru skertar til muna með því að taka stóra hækkunarliði út úr grunni vísitölunnar og tengja verðbætur "afkomu og greiðslugetu" fyrirtækjanna. Láglaunabætur munu aðeins bæta hluta kaupránsins hjá hluta vinnandi fólks.
- Skerðing samningsréttar: Með afskiptum ríkisvaldsins og samvinnu þess, auðstéttar og svikaforystu verkalýðshreyfingarinnar eru fyrri samningar og allur samningsréttur gerður að marklausum pappírsgögnum. Samtímis er verið að undirbúa nýjar og þrengri reglur um kjarasamninga.
- Samdráttur - sparnaður: Um leið og verið er að leyfa hærri álagningu á vörur og sífelldar verðhækkanir gerir frumvarpið ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingum, rekstri og þjónustu opinberra og reyndar óopinberra fyrirtækja.

BLEKKINGAR STANDA BERAR

Mikilvægasti lærdómurinn af stefnu og starfi ríkisstjórnarinnar varðar svokallaða verkalýðsflokka. Kosningayfirlýsingar á borð við "Kauprán verður ekki þolað" standa nú berar að raunverulegu innihaldi. Markmið flokkanna er að koma skipulagi á arðránið og aðstoða arðránskerfið við að komast sem áfallaminnst í gegnum kreppuna sem hrjáir það. Deilurnar sem ósvífnustu stéttasamvinnuforingjarnir kalla "málsvörn" verkalýðsins standa um hvort kauprán megi vera 1%, 5%, 8% eða hver veit hvað. Og stéttarfélögin hafa komist hjá því að fjalla um allar hliðar málsins vegna þess að forystan hefur forðast alla fundi, nema sína eigin. Forysta Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins á aðeins eitt skilið: Ærlega ráðningu og útskúfun úr verkalýðshreyfingunni.

HVAÐ ER FRAMUNDAN?

Allt bendir til þess að frekari árásir á kjör og réttindi vinnandi fólks fylgi þessu. Varnarbarátta, hversu lítil og fálmandi hún er í fyrstu, er því meginverkefni allra baráttusinna innan og utan verkalýðshreyfingarinnar. Í málum hennar eru þessar fjórar kröfur efstar á blaði:

1. Berjumst gegn kjararáninu.
2. Nýja kjarasamninga verði frumvarpið að lögum - samninga í hendur stéttarfélaga.
3. Óbreyttar verðbætur - ekkert vísitöluþak!
4. Gegn skerðingu á samnings- og verkfallsrétti.

Fyrsta skrefið verður að vera fólgið í að ná fram fundum á vinnustöðum (réttur til tveggja slíkra á ári) og í stéttarfélögum (t.d. með söfnun undirskrifta). Markmið fundanna eru samþykktir gegn frumvarpinu og/eða um aðgerðir ef unnt er.

Sá vísir að andstöðu sem til er nú þegar verður að margfaldast og tengja baráttu sína saman - sérstaklega með 1. maí í huga. Á baráttudegi verkalýðsins gefst sérstakt tækifæri til þess að kanna og sýna styrk andstöðunnar. Um leið er undirbúningur að 1. maí kjörið tækifæri til þess að virkja baráttusinna í samfylkingu verkalýðsins til baráttu gegn efnahagslögum ríkisvaldsins, gegn stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar og gegn allri erlendri ásælni og heimsvaldastefnu.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar 27.03 1979.

Samfylking 1. maí — Baráttueining 1. maí Sameiginlegar aðgerðir og starf?

Samfylking 1. maí og Baráttueining 1. maí (sem "KFÍ/ML" stendur að) hafa haldið fyrstu liðsfundina í ár. Niðurstaða þeirra hefur m.a. orðið sú, að fulltrúar beggja hreyfinganna hafa hist á fundi í því augnamiði að freista þess að ná samstöðu um sameiginlegar aðgerðir á baráttudegi verkalýðsins 1. maí. Á liðsfundum kom fram, að fremur lítið virðist bera á milli í pólitískri stefnu hreyfinganna. Einkum er athyglisverð ánægjuleg afstöðubreyting Baráttueiningar 1. maí til trotskíista Fylkingarinnar, en Baráttueining hefur lýst samstarf við Fylkinguna ófært, fyrst og fremst vegna árása trotskíista á Alþýðulýðveldið Kína. Í fyrra stóðu trotskíistar og Baráttueining hins vegar að sameiginlegum aðgerðum.

Liðsfundur Samfylkingar 1. maí samþykkti að leggja áherslu á þrennt í starfi sínu í ár: kjaraskerðingarstefnu auðvaldsins og verkalýðsforystunnar, stéttasamvinnuna og baráttu 3ja heimsins gegn heimsvaldastefnunni. Einkum skal minnt á baráttuna í Erítreu, Kampútseu og Palestínu. Mjög svipuð áherslu skipan hefur komið fram hjá fulltrúum Baráttueiningar 1. maí.

Verkalýðsblaðið mun segja nánar frá 1. maí starfinu í næstu blöðum en hvetur lesendur til að fylgjast með hugsanlegum fundarboðum Samfylkingar/Baráttueiningar í dagblöðum á næstunni. Fjöldastarfið verður að hefjast snarlega, því tíminn er naumur fram að 1. maí!

Viðræður hafnar

Miðstjórn "Kommúnistaflokks Íslands" hefur tekið tilboði miðstjórnar EIK(m-l) frá 12. mars um könnunarviðræður sem fyrsta skref í átt til sameiningar samtakanna. Viðræðurnar munu taka allmargar vikur og félagar beggja samtaka fylgjast með niðurstöðunum.

Megintilgangur viðræðnanna er að afmarka og skýra ágreining og samstöðu samtakanna. Að viðræðunum loknum verður ákveðið af hálfu beggja aðila, hvert framhaldið verður.

Lesendum VB verða gerðar ljósar helstu niðurstöður viðræðnanna að þeim loknum.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) 24. mars 1979

Söluherferð í Kópavogi

Síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins hefur verið selt mjög víðtækt í Kópavogi m.a. vegna þess efnis sem í því blaði er um Alþýðubandalagið og bæjarstjórn Kópavogs. Blaðið hefur selst mjög vel í bænum.

Í 7. tbl. - þ.e því sem þú ert að lesa núna - er mikið efni, sem gæti höfðað til næstu nágranna Kópavogsbúa í suðurátt, þ.e. til Hafnfirðinga, og þá er í ráði að skipulögð verði svipuð söluherferð þar og gert var í Kópavogi. Frést hefur um fleiri söluherferðir sem ráðgerðar eru á þessu blaði, m.a. á Akureyri, Sauðárkróki og Siglufirði. Sölumenn blaðsins sem fara út á land um páska ættu að athuga hvort þeir geti ekki skipulagt slíkar herferðir þar sem þeir verða og snúa sér til Dreifingar Verkalýðsblaðsins hið fyrsta.

Dagvistarsamstarfið: Skilið undirskriftum og peningum — takið þátt í starfinu

Staðan

Undirskriftir, sem inn eru komnar : 1.440

Seld merki fyrir kr. 150.000

Heimilisfang samstarfshópsins er Sokkholt, Skólavörðustíg 12, Reykjavík.

Þangað er hægt að skila peningum fyrir seld merki, fá afhent fleiri merki, skila útfylltum undirskriftalistum og fá nýja.

Skrifstofutími samstarfshópsins er fimmtudagar kl. 17.30 til 18.30.

Undirskriftaherferð á fjölförnum stöðum í borginni verður föstudaginn 6. apríl nk. kl. 4-7. Skráið ykkur í Sokkholti fimmtudaginn áður eða í síma 75883 sem fyrst!

Ritstjórnarskrifstofa er á Baldursgötu 7A, sími 28962 Opin þriðjudaga frá kl. 5—7 síðdegis



8. mars-hreyfingin: Helgarráðstefna í apríl?

Við höfðum samband við stjórn 8.mars-hreyfingarinnar til að spyrjast fyrir um framhald á starfi hreyfingarinnar. Við fengum þau svör, að lítið hefði enn verið ákveðið. Hreyfingin héldi þó að sjálfsögðu áfram þátttöku í dagvistarsamstarfinu, og brýnt væri að allir félagar hreyfingarinnar kæmu til starfa í undirskriftasöfnuninni. Þá væru uppi hugmyndir um að halda helgarráðstefnu, t.d. í lok apríl um helstu þætti kvennabaráttunnar og framhald starfsins.

SKERFUR LESENDA FRAMHALD AF BLS. 7

mest í pontu. Við gerum ennþá of litlar kröfur til okkar um að rannsaka fyrst og tala svo. Einnig þurfum við að útskýra allt, sem við setjum fram. Við erum of sein og treg að gera sjálfsgagnrýni. Rauðsokkarnir tættu í sundur nokkrar örökstuddar staðhæfingar í Rauðliðagrein. Ef okkur verða á mistök, þurfum við að leiðrétta þau sem fyrst og jafnframt greina orsakir þeirra.

Fundur þessi var ekki eins vel undirbúinn og Kampútseufundurinn næst á undan, en á þeim fundi voru talsmenn Einingarsamtakanna málefnalegir og nákvæmir.

Stefnan í uppbyggingu kvennahreyfingar svo og annarra fjöldahreyfinga er okkur ennþá nokkuð óljós. Hún þarf að skýrast á næstunni og 8.mars-starfið ætti að verða dýrmæt uppspretta reynslu til að taka mið af. Bætum okkur, félagar, alþýðan þarfnast góðra kommúnista og raunverulegs kommúnistaflokks, svo ekki sé talað um öflugar fjöldahreyfingar.

Félagi í EIK(m-l)

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Járniðnaðarnemar hjá Vegagerðinni:

Hafa náð verulegum árangri í kjara- og réttindabaráttu sinni

Félag járniðnaðarnema í Reykjavík hefur að undanförnu verið einna líflegasta félagið innan Iðnnemasambandsins og fulltrúar þess áttu stóran þátt í að marka yfirlýsta stefnu Iðnnemasambandsins á síðasta landsþingi þess. Eitt af því sem járniðnaðarnemar fást við í starfi sínu er uppbygging trúnaðarmannakerfis félagsins á vinnustöðunum. Og þessa dagana stendur yfir upplýsingasöfnun um kaup og kjör félagsmanna til að forysta félagsins geti fengið heildarmynd af kjaramálum nemanna. Slík upplýsingasöfnun getur verið dýrmætt innlegg í kjarabaráttuna og nýlegt dæmi styður einmitt þetta. Nýskipaður trúnaðarmaður FJN hjá Vegagerð ríkisins sótti trúnaðarmannaráðsfund félagsins og komst að því að nemar hjá Vegagerðinni bjuggu við mun lakari kjör en járniðnaðarnemar í öðrum tilteknum ríkisfyrirtækjum. Á grundvelli þessarar vitneskju settu nemar hjá Vegagerðinni saman kröfugerð, sem að miklu leyti var sniðin eftir kaupsamningi nema í Landssmiðjunni, og lögðu fyrir Vegagerðina. Vegagerðin svaraði með gagntilboði, sem var nokkru lægra en krafa nemanna. Eftir fundarhöld nemanna var tilboðinu tekið, og þannig náðist fram kauphækkun sem nemur 40-47% miðað við dagvinnutaxta, að meðtalinni vísitöluhækkuninni 1.mars. Þessi áfangi er mikilvægur sigur fyrir járniðnaðarnema og iðnnemahreyfinguna í heild.

Verkalýðsblaðið hafði samband við trúnaðarmann nemanna hjá Vegagerðinni, Sigurð Leópoldsson, til að fræðast nánar um málið. Sigurður er jafnframt í stjórn FJN.

Sigurður Leópoldsson
(Mynd : Verkalýðsblaðið)

FÉLAGIÐ VIRT AF ATVINNUREKENDUNUM

-Eitt mikilvægt atriði í deilu okkar við Vegagerðina var það, að fulltrúar hennar reyndust viðurkenna félag okkar sem okkar málsvara, og mig sem fullgildan trúnaðarmann. Það hefur víða vilja brenna við að atvinnurekendur viðurkenndu aðeins sveinafélögin sem fulltrúa nema en þarna höfum við sem sagt fengið fulla viðurkenningu. Þáttur félagsins er líka ómetanlegur. Við nemarnir á mínum vinnustað vorum lítið meðvitaðir um kjör okkar og rétt, og enginn einn gat tekið af skarið um að gera eitthvað til úrbóta.

En um leið og FJN fékk trúnaðarmann á staðnum, þá vikkaði sjóndeildarhringurinn hjá okkur og málin breyttust. Við hefðum ekki náð þessum árangri án tengsla við aðra járniðnaðarnema í gegnum stjórn FJN. Stjórn FJN hefði heldur ekki náð þessum árangri án góðra tengsla við nema á staðnum. Þannig má sjá, að eina raunhæfa leiðin til að byggja félögin er að efla virkni almennra félaga og um leið að styrkja forystuna. Við járniðnaðarnemar erum að feta okkur áfram á þessari braut.

Blaðið þakkar Sigurði Leópoldssyni fyrir spjallið.

BSRB: Samráð um kauprán

Eins og fram hefur komið hér í Verkalýðsblaðinu hefur forysta BSRB í samráði við ríkisstjórnina stefnt að því síðan í haust að fá félagsmenn til að afsala sér 3% umsaminni launahækkun. Gengið hefur á ýmsu í samráði þessu en á elleftu stundu tókst samkomulag. Var ákveðið að BSRB gefi eftir kauphækkunina en gegn því komi nokkur rýmkun á verkfallsrétti, fækkun í kjaradeilunefnd og viðurkenning á rétti þeirra, sem vinna hjá hálfopinberum stofnunum. Stjórn og samninganefnd BSRB samþykktu þennan samning og verður hann lagður fyrir félagsmenn í maí n.k.

SAMRÁÐ UM KAUPRÁN

Samningar BSRB við ríkisvaldið voru undirritaðir í nóv. '77 að loknu hálfsmánaðar allsherjarverkfalli. Síðan hefur þeim samningi verið rift, fyrst í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar og síðan aftur á valdatíma þessarar stjórnar, með vísitöluskerðingum í febrúar og des. '78. Ljóst er að stjórnvöld hyggjast skerða kjör launafólks í landinu með því að skammta verðbætur í júní og sept. n.k. Hefur þegar verið ákveðið að skerðingin verði um 5% núna 1.júní. Einnig koma til fyrirhugaðar breytingar á verðlagsgrundvellinum, sem ætlað er að rýra verðbæturnar enn. Í "sparnaðarráðstöfunum" stjórnarinnar er áætlaður niðurskurður á launagreiðslum, sem ógnar starfsöryggi fjölmennra hópa opinberra starfsmanna t.d. kennara. - Við þessar aðstæður sáu forystumenn okkar ástæðu til að semja af okkur kjarabætur, sem við unnum með verkfallinu í nóv.'77.

Í efnahagsmálafrumvarpi Ólafs Jóhannessonar er sagt að stefnt skuli að því að semja við BSRB, BHM, og bankamenn um að þessir aðilar falli frá umsaminni 3% launahækkun. Í þessu felst einmitt munurinn á kaupráni þessarrar ríkisstjórnar og ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, að nú eru höfð "samráð" um kaupránið.

JÁKVÆÐ ATRIÐI Í SAMKOMULAGINU

Í samningum eru vissulega nokkur atriði sem rýmka verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Jákvæð atriði í því sambandi eru: Niðurfelling 2ja ára reglunnar. Takmarkaður verkfallsréttur aðildarfélaga í afmörkuðum málum, en því ákvæði fylgir þó sennilega skerðing á samningsrétti félaganna þar sem ýmis sérmál verða færð inn í aðalkjarasamning. Þriðja ákvæðið sem telja má jákvætt er viðurkenning á samningsrétti starfsmanna hálfopinberra stofnanna, en sú krafa hefur lengi verið deilumál við ríkið.

KAUPBINDINGARSTEFNA

Krafan um að BSRB (og fleiri félög) afsali sér kauphækkun nú í apríl er liður í víðtækri kaupbindingarstefnu stjórnvalda. Ríkisvaldið hefur samið við forystumenn ýmissa stærstu stéttasamtakanna um að barist skuli gegn verðbólgunni og kjör launafólks rýrð. Í röksemdafærslunni er hópum launafólks síðan att hvorum gegn öðrum:"BSRB má ekki fá hækkun því þá kæmi launafólk innan ASÍ með kröfur. BHM getur ekki fengið 3% hækkun fyrst BSRB fær hana ekki!" því það er ekki réttlátt að þeir fái fyrst allir hinir fengu ekki neitt!

ER RÉTT AÐ VERSLA MEÐ SAMNINGSRÉTTINN?

Ein meginröksemdin fyrir samkomulaginu er sú að hér hafi verið skipt á krónutöluhækkun fyrir aukinn verkfallsrétt - bætta baráttustöðu. En þýðir samningurinn þá í reynd svo bætta baráttustöðu? Við eigum við að etja ríkisvald, sem ekki skirrist við að setja lög á nokkurra mánaða fresti, sem ýmist banna kauphækkanir eða skerða kjör okkar á annan hátt. Ríkisvald sem núna hugleiðir meira að segja bann við öllum verkföllum. Gegn slíkum herrum nægir samþykkt á pappír um aukinn rétt skammt. Þeim er ekki treystandi. Verkfallsréttur er réttur til að heyja baráttu en en ekki til samvinnu. Slík réttindi geta því ekki gengið kaupum og sölum.

Samningar okkar eru lausir 1.júlí n.k. þá gefst okkur tækifæri til að knýja fram rýmkaðan rétt. - Það er engin ástæða til að afsala sér 3% launahækkun í því skyni nú.

Hvað felst í samkomulaginu?

Meginatriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

1. BSRB fer sem fyrr með gerð aðalkjarasamnings fyrir ríkisstarfsmenn og verður lengd samningstímabils samkomulagsatriði (Var áður lögbundið 2 ár).
2. Félögin fá verkfallsrétt um skipan starfsheita og röðun í launaflokka. Skal sá samningur gilda í 3 ár. Áður hafði Kjaranefnd úrskurðarvald um sérkjarasamninga og verkfallsrétturinn náði ekki til þeirra.
3. Fulltrúum í Kjaradeilunefnd verður fækkað úr 9 í 5 (3 frá ríki og 2 frá BSRB.)
4. Viðurkennt að BSRB hafi samningsvald fyrir starfsmenn hálfopinberra stofnanna.

Gegn þessu afsalar BSRB sér umsaminni 3% kauphækkun sem átti að koma til útborgunar 1. apríl.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundi stjórnar og samninganefndar BSRB þann 22. mars:

" Sameiginlegur fundur stjórnar og samninganefndar BSRB fellst fyrir sitt leyti á að 3% grunnkaupshækkun, sem samkvæmt gildandi kjarasamningi á að koma til útborgunar 1. apríl 1979, verði frestað fram yfir allsherjaratkvæðagreiðslu skv. 2. lið samkomulags við ríkisstjórnina."

Fyrirhugað er að alsherjaratkvæðagreiðslan fari fram í maíbyrjun (2.og 3. maí).

Hvað kosta réttindi launafólks?

Ríkisvaldið vill nú fá samninganefnd launamálaráðs Bandalags háskólamanna til þess að falla frá 3% kauphækkun á næstunni gegn einhverjum samnings- og verkfallsrétti. Er um að ræða svipuð hrossakaup og BSRB forystan gekkst að fyrir skömmu.

Þann 27. mars sl. var haldinn félagsfundur Hins íslenska kennarafélags um ofangreint atriði. Kom þar fram að ríkið hefur alls ekki lagt fram neitt formlegt tilboð - þó svo félagsstjórninni þætti rétt að fá umboð til að afsala kauphækkuninni!

Á fundinum kom fram mikil gagnrýni á félagsforystuna fyrir að beiðast þessa umboðs að svo komnu máli. Nokkur andstaða var á fundinum gegn afsali kauphækkunarinnar. Bentu menn á að launafólk tæki sér eða semdi um verkfalls- og samningsrétt, en keypti hann ekki með kjararýrnun. Tillaga gegn afsali kauphækkunarinnar var þó felld með miklum meirihluta, en önnur samþykkt er kveður á um að HÍK óski eftir verkfallsrétti og feli fulltrúa sínum í launamálaráði að beita sér fyrir honum í viðræðum ráðsins við ríkið, en segir ekkert um afsal kauphækkunar.

Verkalýðsblaðið mun taka þessi mál betur upp í næsta blaði.

Við hvetjum launamenn í ~~BHM~~ til að taka virkan þátt í baráttunni gegn afsali kauphækkunar og fyrir verkfalls- og samningsrétti.

Fréttaritarar.

Starfsstúlkur og gæslumenn vinna sömu störf

Dómur er fallinn í máli starfsstúlku á Kópavogshæli gegn fjármálaráðuneytinu **vegna hinnar** fáránlegu launamis**munar** eftir kynjum, sem lengi hefur viðgengist þar og á Kleppsspítalanum. Dómurinn féll starfsstúlkunni í vil og áfrýjaði fjármálaráðuneytið til Hæstaréttar. Vegna plássleysis er ekki unnt að gera þessu máli skil í þessu tbl., en Verkalýðsblaðið fagnar þessum úrslitum og mun fjalla nánar um málið í næsta blaði.

Réttarráðgjöfin:
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fyrir almenning
Öll miðvikudagskvöld kl. 19.30—22.00.
Sími 27609

Heimastjórnarlögin á Grænlandi (KALATDLIT- NUNAT)

„Nýr kúgunarsáttmáli“ — segir fulltrúi

grænlensku frelsishreyfingarinnar INUIT ATAQAGITIIS

"INUIT ATAQAGITIIS" berst fyrir jafnaðarstefnu í Grænlandi, fyrir því að sjómenn skipuleggi sig í samtökum, sömuleiðis berjumst við gegn þeirri gríðarlegu byggðaröskun sem fram fer í landinu, en danskt og alþjóðlegt auðvald vinnur skipulega að því að leggja í auðn heilu bæina og byggðalögin. Auðvaldið telur sig ekki græða nógu mikið á því að hafa verksmiðjurnar sínar í smærri byggðunum og flytur þær því burt".

Þannig lýsir Karl Isaksen, "sendiherra"grænlensku samtakanna Inuit Ataqagitiis (nafnið þýðir fólk sem eitthvað á sameiginlegt) í Kaupmannahöfn, í örstuttu máli, helstu baráttumálum hreyfingarinnar í landsþingskosningunum á Grænlandi (Kalatdlit-Nunat) nú í apríl. Inuit Ataqagitiis var stofnuð árið 1977, sem andheimsvaldasinnuð hreyfing og er í dag orðin rótföst og vaxandi frelsishreyfing alþýðunnar gegn heimsvaldastefnunni og nýlendustefnu Dana. Strax í upphafi var ákveðið að hreyfingin skyldi leggja áherslu á að tengja baráttunaí"Kalatdlit-Nunat" baráttu kúgaðra annars staðar í 3ja heiminum og einnig að hefja sósíalískt fræðslustarf. Á aðalfundi hreyfingarinnar í nóvember sl. var svo ákveðið að hreyfingin skyldi vinna markvisst að flokksstofnun og stefnan skyldi byggð á því grundvallarviðhorfi að í landinu er þjóð sem ber réttur til að ráða eigin málum frjálst og óhindrað. Sömuleiðis er því slegið föstu að aðeins afkomendur

Nokkrir þátttakendur á Aussivik-ráðstefnunni 1977, þar sem lagðar voru línur fyrir baráttuna. (Mynd: Anne Bang)

frumbyggjanna eiga tilkall til eignarréttarins á Grænlandi, Kalatdlit-Nunat. Inuit Ataqagitiis vill starfa með öðrum stjórnmálahreyfingum í landinu, svo framarlega sem ekki er vikið frá framangreindum markmiðum. Þá hefur hreyfingin á stefnuskrá sinni að berjast á breiðum grundvelli gegn innlimun Grænlands í Efnahagsbandalagið, gegn NATO og gegn heimastjórnarlögunum, sem danska þjóðþingið samþykkti 17. nóv. í fyrra. "Nýr kúgunarsáttmáli fyrir Kalatdlit-Nunat", kallar Karl Isaksen heimastjórnarlögin. Til nánari skýringar segir hann, að heimastjórnarlögin breyti engu um það, að eftir sem áður ráði danska þjóðþingið öllum meginmálum Grænlands. Auk þess geti danska þjóðþingið hvenær sem er fellt heimastjórnarlögin úr gildi í heild, eða breytt einstaka ákvæðum að sínu skapi allt eftir því hvort Danir telja að lögin stefni nýlenduhagsmunum sínum í hættu. Þá benti Karl á, að aðeins helmingur atkvæðisbærra manna hafi notað atkvæðisrétt sinn til að kjósa um heimastjórnarlögin, þar af sögðu 70% já, en 26% sögðu nei. Fimmti hver kjósandi er Dani (!) og fullvíst er að jáatkvæði eru yfirgnæfandi hjá þeim kjósendahópi. Karl Isaksen sagði að Inuit Ataqagitiis fengi sína eldskírn í kosningunum í þessum mánuði og kvað öruggt að hreyfingin næði umtalsverðum styrk á grænlenska landsþinginu.

Þess má geta að lokum að andstæðingar Inuit Ataqagitiis eru einkum tveir í kosningunum. Annars vegar ATASSUT (Sambandsflokkurinn) - afturhaldssamur borgaraflokkur sem er tengdur danskri borgarastétt blóðböndum. Hins vegar SIUMUT (Jafnaðar-og þjóðveldisflokkurinn). Afstaða hans til þana hefur verið reikul. Siumut styður heimastjórnarlögin og segir þau áfanga á leið landsins til að verða sambandsríki Danmerkur, á borð við Bornholm. Inuit Ataqagitiis sakar Siumut um gróf svik við alþýðuna, og bendir meðal annars á, að Siumut hafi fallist á að lög, sem heimila aðgang alþjóðlegra auðhringa að grænlenskum náttúruauðæfum, skuli ekki felld úr gildi. Siumut hefur til skamms tíma verið stærsti flokkurinn í landinu, fékk 52% atkvæða í kosningum í febrúar 1977, en Atassut fékk 48%. Undanfarið hefur borið talsvert á innbyrðis átökum í Siumut sem sýnir að svik forystu flokksins við fyrri stefnumið eiga ekki upp á pallborðið hjá almennum félögum. Inuit Ataqagitiis höfðar til baráttufólks innan Siumut og hvetur það til að styðja hreyfinguna.

"INUIT ATAQAGITIIS hefur sannað í starfi sínu og baráttu, að allir erfiðleikar sem alþýða Kalatdlit-Nunat (Grænlands) á við að stríða, og hefur átt við að stríða, eru afleiðing af 250 ára nýlendukúgun danska stéttaþjóðfélagsins. Allan þann tíma hefur danska yfirstéttin haldið þjóð minni í arðránshlekkjum", sagði Karl Isaksen að lokum.

Frá útifundinum á Lækjartorgi,

Dagv barátta

Svo sem fram hefur komið í dagblöðum og víðar, er farin af stað allnokkur baráttuhreyfing fyrir nægum og góðum dagvistarheimilum fyrir öll börn. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þessa baráttumáls.

Íslensk alþýða býr í dag ekki yfir þeim baráttuhefðum sem hæfa slíkri baráttu. Sú hreyfing sem er að fara af stað verður því að ryðja brautina.

Til þess að ná árangri í baráttu sem þessari verður að virkja til hennar mikinn fjölda félagasamtaka og einstaklinga. Ekkert kemur af sjálfu sér og allra síst þegar svo viðrar í þjóðarbúinu að stefna niðurskurðar á fjárveitingum til félagslegra þarfa er ráðandi í ríkisstjórnum hægri sem "vinstri". Það eina sem getur þokað velferðarmálum alþýðunnar framávið er hennar eigið afl.

Samtíningur

Ólafur Þ. ...

Jónsson, vitavörður, skrifar frábæra grein í Sunnudagsblað Þjóðviljans 11 mars s.l. Þar rekur hann ofan í Svavar Gestsson allt glamrið og sýnir fram á svikastefnu Alþýðubandalagsins, jafnt hvað varðar baráttu gegn íslensku auðvaldi og hvað varðar falsanir þeirra á sögu sósíalismans og fræðikenningar kommúnista. Meðfylgjandi úrklippa sýnir vel hug baráttumannsins gagnvart Alþýðubandalaginu.

Ég geri það að tillögu minni að 28unda dag júlímánaðar árið 1982 verði eitthundrað og níu helstu stórmenni Alþýðubandalagsins látin sverja borgaralegu lýðræði og þingræði ævarandi hollustu eiða. Athöfnin skal vera opinber og rækilega auglýst og að sjálfsögðu fara fram á þinghólnum í Kópavogi. Kopavogsdeild AB skal falið að undirbúa seremóníuna, enda mun ekki veita af að hressa uppá móralinn í þeirri deild sbr. dagskrárgrein Finns Torfa Hjörleifssonar í Þjóðviljanum 30/11. Með tilliti til væntanlegrar íslandssögu er rétt, að sá er síðastur fer með eiðstafinn (gæti sem best verið þú) væri látinn tárfella lítið eitt. Tillögu lokið.

Úr leyniplaggi Sjálfstæðisflokks (sjá síðasta tbl.)

"Enginn vafi er á því, að mörg flokksfélög starfa mjög lítið og því væri æskilegt að blása í þau lífi..." segir í plagginu. Það sem m.a. á að gera er " að flokkurinn verði að reyna að treysta stöðu sína innan launþegasamtakanna." Jú, sjá! Einhverjir eygja líf í launþegasamtökunum og stefna að því að sækja sér svolítið þangað. Það væri þó aldrei að íhaldið geti slegið Guðmund J. og Co við í Verkamannafélaginu Dagsbrún? Það er ekki annað að sjá en að Guðmundi J. hafi tekist að sjúga allt líf úr félaginu og þá væntanlega til að blása lífi í flokksfélög Alþýðubandalagsins, ef marka má það að almennur fundur hefur ekki verið haldinn í Dagsbrún frá því að aðalfundur var haldinn s.l. sumar - og var sá aðalfundur haldinn mörgum mánuðum eftir að lög kveða á um að slíkir fundir séu haldnir. Kannski að íhaldið taki síðasta lífsdropann og forði Dagsbrúnarfélögum frá frekari aðalfundastandi í framtíðinni? Guðmundur J. fær þá íhaldið með sér í Hreyfinguna, sem reyndar virðist nú standa kyrr. Væntanlega til þess að ekki gusti of mikið um blessaða ríkisstjórnina, sem þarf starfsfrið til þess að afnema samningana. Um það eru jú bæði íhaldið og Guðmundur J. sammála.

□ □ □

NOKKRIR FRAMÁMENN

landsins gerðu víðreist og fóru á fund kollega sinna á Norðurlöndunum, á svokallað Norðurlandaþing. Einn þeirra var "sósíalistinn" Ragnar Arnalds.

Tvennt athyglisvert var haft eftir fulltrúa þessum, sem varpar ljósi á "sósíalisma" hans og flokks hans. Önnur var í þá átt að fagna hátíðlega þeirri "sjálfstjórn" Grænlendinga, sem allir hugsandi menn sjá að er hulin aðferð danska einokunarauðvaldsins til að halda áfram arðráni á grænlenskri alþýðu og rányrkju á auðlindum landsins.

Hitt atriðið, sem snýr kannski meira að okkur, var yfirlýsing hans um, að nú væri mál að linni og við yrðum að láta af lífsgæðakapphlaupinu!!!

Kennir nokkur óþef af slíkri yfirlýsingu, þegar þess er gætt, að flokkur hans hefur undanfarið staðið fyrir árásum á lífskjör íslenskrar alþýðu ?

□ □ □

VÍÐA KEMUR kreppukrumlan við. Iðnnemar annars áfanga verknámsskólans komnir utan af landi eiga kost á dreifbýlisstyrk eins og nemar annarra framhaldsskóla, sem ekki eiga aðgang að lánasjóði. Þó er hér ein undantekning:

Þeir nemar sem orðnir eru tvítugir fá að öllu jöfnu hvorugt, hvorki lán né styrk. Fá þeir annars vegar svar frá styrkjasjóði, að þar sem þeir eigi kost á láni, fái þeir engan styrk. En frá lánasjóði fæst það svar, að námið sé ekki lánshæft Undantekning frá þessu er þó sú, að sé nemi á algeru flæðiskeri (að mati lánasjóðs) er von um lán.

Vantar þá bersýnilega ekkert nema trúna og kærleikann, til að iðnnemar yfir tvítugt megi lifa í vellystingum á loftinu.

RAUÐ LIÐINN

Fræðilegt og menningarlegt tímarit ML(m-l)

Forsíða Rauðliðans, sem nýkominn er úr prentun. Tryggið ykkur eintak !

þar sem voru 1000 manns. (Mynd: Verkalýðsblaðið)

Kröfugangan á leið niður Laugaveginn.(Mynd : Verkalýðsblaðið)

istar-
n hafin

það er þetta afl sem verður að virkja til starfa. Fyrsta skrefið er stigið. Kröfugangan 24. mars og undirbúningur hennar boðar aukna vitund fjölda fólks um það hve dagvistarmálin eru mikilvæg. Næsta skref er að ná settu marki í undirskriftasöfnun þeirri sem fer fram á vegum þeirra félagasamtaka sem að göngunni stóðu. En víst er að ekki verður það nóg. Ennþá víðtækari baráttа verður að koma til og ennþá meiri virkni baráttufólks úr röðum þeirra félaga sem taka þetta baráttumál upp í starfi sínu, en þau félög ættu að vera mörg.

Verkalýðsblaðið hvetur til víðtækari stuðnings við kröfuna um næg og góð dagvistarheimili fyrir öll börn, og blaðið heitir því að styðja baráttuna.

Hjartnæmt handtak

Tilefni þessa brags er mynd sem birtist í Dagblaðinu um daginn. Þar þrýsti Kristján Thorlacius hönd fjármálaráðherra Tómasar Árnasonsr að lokinni undirritun samkomulags BSRB og ríkisins.

Lag: Á kaupmanninn rétt
yfir búðarborðið.

Á ráðherra beint yfir rauðviðarborðið
svo rogginn horfði hann Stjáni.
"Ég kannske vildi hér kaupa soldið
svo kallaður verði ekki bjáni.

Ráðherra setti upp rausnarsvip,
"Ég reyndar hef eitthvað að selja,
kíktu á lagerinn, ljúfurinn
úr litlu er að velja.

Ef til vill sitthvað eigulegt
úr þessu dóti má tína
þig vantar jú reyndar verkfallsrétt
fyrir vesalingana þína".

"Verkfallsrétt, já verkfallsrétt!
voða ertu nú góður,
en kostar hann ekki kjararýrnun?"
Hann Kristján spurði svo rjóður.

"Gáum nú fyrst að gæðunum,
af góðu tæki er styrkur
langþráður draumur hvers launamanns
svo ljósrauður og virkur.

Notast hann verður með varúð þó
svo valdi okkur ei sári,
þolir þó, að þið viðrið hann
á þriðja hverju ári."

"Hvað kostar hann" Stjáni stúrinn kvað
og strauk sér létt yfir hárið.
"Minnst tíu þúsund krónur á mann
á mánuði yfir árið".

Á kontórnum glumdi við gleðihlátur.
"Ég gríp í höndina þína.
Fólkið allt í bæsserrbé
mun borga skuldina mína".

Félagi í BSRB

Skömmtuðu ..

Framhald af forsíðu

forystu Starfsmannafélagsins. Að vonum þykir mörgum starfsmanni Reykjavíkurborgar nóg um, enda liggur reikingsdæmið þannig á borðinu, að stjórnarmenn skammta sér ríflega tekjur af félagsgjöldum hins almenna félagsmanns fyrir að starfa meira og minna andstætt hagsmunum félagsmanna!

Víst er að þetta og margt annað, hefur orðið til þess að skerpa enn hitann undir valdastólum Þórhalls og fylgifiska hans. Enda stóð Þórhallsliðið að því að fella tillögu á aðalfundi,þess efnis að árlega skuli fara fram kosningar í félaginu (á sama hátt og viðgengist hefur í fulltrúaráði). Þannig reynir forystan að koma í veg fyrir, að félagar geti opinberað hug sinn til stefnu hennar og starfshátta. En að því kemur, að "stóri dómur" verður upp kveðinn!

Menningardagar herstöðvaandstæðinga:

Baráttustefnan úti í horni

Undanfarið hafa staðið yfir menningardagar Samtaka herstöðvaandstæðinga. Þetta er merkilegur viðburður í menningarlífinu. Því miður er vegna rúmleysis ekki hægt að fjalla ýtarlega um neina hluta hátíðarinnar, heldur verður að stikla mjög á stóru og leggja heldur áherslu á mat á þessum aðgerðum.

UNDIRBÚNINGURINN

Undirbúningur menningardaganna var í höndum býsna fámenns hóps eða nefndar, utan við skipulag Samtaka herstöðvaandstæðinga. Innihald og tilgangur þeirra hefur aldrei verið ræddur meðal félaga, heldur aðeins í miðnefnd. Hinir almennu félagar máttu svo koma inn í, þegar allt hafði verið ákveðið, t.d. máttu þeir raða saman sýningarskrám og raða stólum.

Það virðist af öllu sem þessir menningardagar hafi verið skipulagðir sem minningarhátíð um afmarkaðan atburð fyrir 30 árum, en ekki sem baráttuhátíð þar sem þessi gamli atburður væri notaður sem tilefni til að hvetja til nýrrar sóknar í baráttunni í dag. Ekki virðist heldur neitt hafa verið reynt að setja þessa baráttu í samhengi við umheiminn. Það hefði ekki sakað að gera stríðsundirbúning risanna að tilefni eins og eins fundar eða skáldavöku.

Hugafar miðnefndar við undirbúning aðgerðanna virðist hafa verið "Við skulum aldrei gleyma því sem gerðist 30. mars 1949!" Réttara hefði verið að vígorð eins og "Látum þessi tímamót verða okkur að öflugri baráttuhvöt!" hefðu sett meiri svip á hátíðahöldin.

ENGIN FJÖLDAVIRKNI

Framkvæmd menningardaganna bar svip af því, að nægilegt væri að virkja þá listamenn, sem þátt tóku. Ekkert var af hálfu skipuleggjenda gert til þess að þeir yrðu starfi og baráttu herstöðvaandstæðinga til eflingar. Enginn var hvattur til að ganga til liðs við samtökin. Engum var gefinn kostur á að skrá sig í hverfahóp.

Þetta er gagnrýni á pólitískan undirbúning og framkvæmd menningardaganna. Hann var í anda þeirra afla, sem því miður ráða of miklu um starfsemi Samtaka herstöðvaandstæðinga. Hin tæknilega hlið undirbúningsins var hins vegar allvel af hendi leyst. Þó má kannski varpa fram þeirri spurningu, hvort menningardagarnir hafi ekki verið of mikið stíaðir niður eftir listgreinum. Tónlist, söngur og upplestur fara t.d. alla jafna ágætlega saman. Dagskrárnar hefðu því mátt vera blandaðri og e.t.v. fjalla um afmarkaða efnisþætti baráttunnar.

Við ætluðum okkur að hafa hér stutt viðtal við einhvern af framámönnum Samtaka herstöðvaandstæðinga, en sökum þess hve seint var reynt að ná í einhvern slíkan, náðist það ekki fyrir þetta blað.

MENNINGIN

Val þess efnis sem flutt var og sýnt litaðist auðvitað nokkuð af þeirri pólitík, sem að baki menningardaganna stóð. En það væri alrangt að setja þá listamenn sem fram komu og sýndu verk sín í bás með þeim pólitísku öflum, sem stýra starfsemi Samtaka herstöðvaandstæðinga. Að sjálfsögðu voru framlög listamannanna misjöfn að gæðum, bæði hvað varðar form og innihald. Mikilvægast er þó, hversu margir góðir listamenn hinna ýmsu listgreina eru einlægir herstöðvaandstæðingar og reiðubúnir til að nýta list sína á einhvern hátt í þágu baráttunnar gegn hernum og jafnvel gegn risaveldunum og stríðsbrölti þeirra.

Á myndlistarsýningunni var fátt að sjá, sem sýndi baráttu gegn hernum. Sú sýning hefði fullt eins getað verið haldin af hvaða öðrum samtökum sem er. Það er ekki nóg fyrir listamenn að segjast vera herstöðvaandstæðingar, þeir verða að sýna það. Frá þessu voru þó örfáar undantekningar. Slíkar undantekningar verður að leggja rækt við og þróa áfram.

Á tónlistarsviðinu bar Söngsveitin Kjarabót ægishjálm yfir alla aðra þátttakendur vegna beinskeyttra texta sinna og frábærs flutnings. Einn félgi sveitarinnar kom fram einn og flutti lag sitt við texta um Kampútseu. Sá flutningur hlýtur að hafa verið áhrifamikill, því rússavinir á borð við Borgþór Kjærnested fengu krampadrætti í andlitin og flýttu sér út, þegar söngurinn var ný hafinn. Og Borgþór þessi er í miðnefnd herstöðvaandstæðinga. Svo kalla slíkir menn sig "andheimsvaldasinna". Aðrir ágætir flytjendur komu fram, s.s. Bubbi Morthens og Kristján Guðlaugsson.

Margt af því sem flutt var af skáldum var mjög skemmtilegt og vel samið. Ekki voru þó allir með nýtt efni eins og Kristinn Einarsson og Njörður P. Njarðvík, en þeir fluttu glænýtt gott efni. Helgi Sæm kom á óvart með góðu ljóði.

Menningardagarnir sýndu að innan raða herstöðvaandstæðinga eru margir frambærilegir listamenn og ýmsir þeirra, sem lengst hafa náð á listabrautinni. Nú er mikilvægt að þeir láti ekki við þessa hátíð sitja, heldur haldi áfram að beita list sinni í þágu alþýðunnar og í þágu baráttunnar gegn hernum og gegn allri heimsvaldastefnu. Til þess þurfa þeir hvatningu og stuðning. Þessir menningardagar hafa vafalaust gegnt því hlutverki, og verði þeir til þess að fleiri listamenn taki þátt í hinni raunverulegu baráttu, hafa menningardagar Samtaka herstöðvaandstæðinga orðið til mikils gagns.

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

Félagi í Kommúnistasamtökum Kanada — CCL(m-l):

Nú á dögunum var hér staddur fulltrúi Kommúnistasamtaka Kanada (m-l), CCL(m-l), í boði EIK(m-l). Verkalýðsblaðið greip tækifærið og bað félagann að fræða okkur um pólitískt og efnahagslegt ástand í Kanada, en kreppa kanadísks auðvalds hefur dýpkað mjög að undanförnu og verkafólk þurft að heyja harða baráttu til varnar kjörum sínum og pólitískum réttindum. Skemmst er að minnast verkfalls kanadískra póstmanna. Þeir voru þvingaðir til vinnu með lagasetningu eftir langvinnt verkfall. Hér á eftir fer það sem félaginn hafði að segja um innanlandsmál Kanada, en í næsta blaði verður fjallað um samtökin CCL(m-l) og helstu verkefni þeirra.

Fundur póstmanna í Montreal í Október í haust, skömmu áður en þeir voru þvingaðir aftur til vinnu eftir langvinnt verkfall. (Mynd: THE FORGE)

Kreppa auðvaldsins aldrei meiri frá 1930

"Kanada er nú í gífurlegri efnahagslegri og pólitískri kreppu - þeirri mestu frá 1930. Auðvaldið hefur þann háttinn á að láta alþýðu landsins bera þyngstu byrgðar sinnar eigin efnahagskreppu. Nokkrum verksmiðjum hefur verið lokað og atvinnuleysið er nú 10% eða um 1 milljón atvinnulausra. Verðbólgan er 10% á ári. Borgarastéttin og ríkisvald hennar hefur ráðist harkalega á verkfallsréttinn og önnur réttindi verkalýðshreyfingarinnar. Þrátt fyrir þessar hörðu árásir hafa nokkur verkalýðsfélög náð hagstæðum kjarasamningum á árinu. Fjöldi annara hyggjast leggja út í verkfallsbaráttu, og eru stærstu hóparnir járnbrautarverkamenn (80 þús.), flutningsverkamenn (80 þús.) opinberir starfsmenn (1/2 millj.), og verkamenn í timburiðnaði (50 þús.)."

ÁDSKILNAÐUR QUEBEC SKREF AFTUR Á BAK

"Á pólitíska sviðinu snýst kreppan aðallega um þjóðlegu spurninguna varðandi Quebec, en stjórn Quebec-fylkis krefst aðskilnaðar frá Kanada. Þetta er mjög mikilvæg spurning í Kanada, þar sem 30-40% íbúanna eru kúgaðir minnihlutahópar. Quebec-þjóðin er langstærsta eða um 6 1/2 milljón. Kúgun Quebecbúa hefur einna helst komið fram í því, að þeim hefur ætíð verið neitað um að nota móðurmál sitt (frönsku) á opinberum vettvangi svo sem í skólum; þeim hefur verið veitt lélegri heilbrigðisþjónusta og félagsleg þjónusta önnur, og réttur þeirra til sjálfsákvörðunar er algjörlega virtur að vettugi. Quebecbúar hafa mikið mótmælt þessari réttindaskerðingu.

Stærsti flokkurinn í Quebec, og sá sem situr í stjórn fylkisins er Parti Quebecois. Hann er fulltrúi þjóðlegu borgarastéttarinnar í Quebec, sem vill efla sinn eigin hag sem mest með því að kljúfa Quebec frá Kananda og er því ekki líkleg til að leysa vandamál fjöldans. Hinn hluti kanadískrar borgarastéttar, sem situr að ríkisvaldinu, vill ekki að Quebec sé skilin frá, þar sem hann á mikilla hagsmuna að gæta þar. Quebec er ríkt af auðlindum, auk þess er þar mikill iðnaður. Vegna þessarar mótsetningar innan kanadískrar borgarastéttar hefur skapast mjög viðkvæmt ástand.

Afstaða samtaka okkar í þessu máli er sú að barátta Quebec-búa fyrir sjálfsákvörðunarrétti sínum sé fyllilega réttmæt. Við teljum hins vegar að fullur aðskilnaður sé skref aftur á bak. Ástæðan fyrir því er að það mun kljúfa verkalýðsstéttina og veikja hana í baráttunni fyrir sósíalisma og í baráttunni gegn risaveldunum.

Í sumar verða kosningar og þær verða gífurlega mikilvægar fyrir landið. Eitt af megin hlutverkum okkar í kosningunum er að útskýra hvað það þýðir fyrir alþýðu landsins í heild ef af aðskilnaði verður."

Egyptaland — Ísrael

Enginn friður þrátt fyrir „friðarsamninginn"

Með samningi sínum við Begin hefur Sadat gert afdrifaríka hluti - hann hefur í raun viðurkennt hernám sionistanna á Palestínu og þar með snúist gegn málstað Palestínuaraba. Með samningum hefur Sadat samið um "frið" við hernámsveldið Ísrael - herveldi sem stöðugt gengur á hlut nágranna sinna. Allir sjá að slíkir samningar leiða ekki til friðar.

AFSTAÐA PLO

"Látum þá undirrita hvað sem þá langar til að undirrita. Hinn falski friður þeirra mun ekki endast lengi." Þessi orð Yassir Arafat, leiðtoga PLO, lýsa vel afstöðu Araba til samninganna. Kjarni málsins er sá að svo lengi sem Palestínumenn eru landflótta þá verður ekki samið um neinn raunverulegan frið. Það hefur komið skýrt fram að undanförnu að "friðarverðlaunahafinn", Begin neitar alfarið að fallast á að ríki Palestínumanna verði stofnað - hvorki á vesturbakkanum eða annarsstaðar. Gegn glæpsamlegri útþenslu- og kúgunarstefnu sionistans Begins stendur skýr og réttmæt afstaða PLO um stofnun lýðræðislegs ríkis Araba og Gyðinga í Palestínu.

Sadat hefur nú lagt lóð sitt á vogarskálarnar - en hann hefur ekki upp-skorið neinn frið.

Sameiginleg ályktun EIK(m-l) og CCL(m-l)

Nýlega hittust fulltrúar EIK(m-l) og CCL(m-l) og ræddu sameiginleg vandamál. Í ályktun sem samþykkt var, er bent á að stríðshættan eykst hröðum skrefum, en jafnframt þróast byltingarbaráttan fram á við. Samtökin fordæma árásir Víetnams og Sovétríkjanna á Kamputseu og lýsa yfir stuðningi við Kommúnistaflokk Kampútseu. Stuðningur samtakanna við þriggja heima **kenningu** Mao Tse-tungs **er ítrekaður**. Samtökin lýsa yfir fullkomnum stuðningi við byltingarstarf hvors annars. Ályktun þessi verður birt seinna í heild í Rauðliðanum.

Víetnam: 800.000 í fangabúðum!

Nýlega var birt yfirlýsing frá fjölda fyrrverandi baráttumanna þjóðfrelsishreyfingarinnar í Víetnam. Yfirlýsingin kemur frá nefnd sem berst fyrir mannréttindum í Víetnam. Í yfirlýsingunni segir m.a.:

"Auk þeirra 400.000 hermanna, foringja og embættismanna fyrrverandi stjórnvalda sem tærast upp í fangabúðum, sitja um 400.000 aðrir sem núverandi stjórnvöld hafa handtekið. Þetta eru verkamenn, bændur og föðurlandsvinir úr hópi menntamanna, fólk sem var á engan hátt stuðningsmenn fyrri stjórnvalda, þvert á móti þá var það þekkt fyrir baráttu sína fyrir friði."

Meðal þeirra sem undirrita yfirlýsinguna eru:

- Ta Nguyen Minh - 80 ára, fangelsaður 16 sinnum af Frökkum og herforingjaklíkum sem réðu í Saigon. Starfaði með Ho Chi Minh í 14 ár.
- Nguyn Van Hieu - flokksfélagi í Verkamannaflokki Víetnam í þrjá áratugi. Einn af leiðtogum Tetsóknarinnar 1968.
- Ngyun Huu Giao - einnig í flokknum í rúma þrjá áratugi.
- Borgarstjóri Binh Chang.
- Lögfræðingurinn Nguyen Huu Giao, formaður í samtökum Hue-stúdentanna sem voru þekktir fyrir baráttuna gegn herforingjaklíkunum í Saigon. Nguyen Huu Giao sat í fangelsi í stjórnartíð Diems.
- Hai Chien Thang, fyrrum foringi í þjóðfrelsishernum (FNL) á svæðinu Saigon-Gia Dinh.
- Nguyen Hoan, áður listamaður í listamannasamtökum þjóðfrelsishreyfingarinnar.
- Tran Doan, fyrrverandi foringi í her N-Víetnam.
- Mai Van So, yfirhershöfðingi Þjóðfrelsishers S-Víetnam á hersvæði 2.

Birting þessarar yfirlýsingar sýnir að forystuklíkan í Hanoi kúgar nú grimmilega íbúa landsins. Hlýtur það að vekja mikla athygli að nú sitja í fangelsi margir þeirra sem stóðu framarlega í baráttunni fyrir frelsun suðurhluta Víetnam. Fréttamenn sem hafa komið til Víetnam að undanförnu tala um skarpar andstæður á milli íbúa suðurhlutans og flokksmanna frá norðurhlutanum sem hafa verið settir í flestar mikilvægar stöður í suðurhlutanum.

Ásmundur ..

Framhald af baksíðu

orðið (þau eru hrópuð í upphafi hvers hádegisverðarfundar félagsins):

Bætið stjórnun eigin fyrirtækja! Sækið stjórnunarnámskeiðin! Þekking er góð fjárfesting! Við stingum upp á einu til viðbótar: Lifi stéttasamvinnan!

Skerfur lesenda

Frá ritstjórn

Verkalýðsblaðinu hefur borist fjöldi lesendabréfa að undanförnu. Þessi lesendabréf hafa sífellt orðið útundan við frágang blaðsins og dottið út vegna annars efnis. Vissulega er okkur vandi á höndum að nýta sem best það litla rúm, sem átta síðna hálfsmánaðarblað veitir okkur, en það afsakar þó engan veginn þá villu okkar að ýta sífellt út lesendabréfunum. Lesendabréfin er engu lítilvægara efni en annað sem birt er, nema síður sé. Við höfum ákveðið að gera bragarbót. Hér eftir verður hálf síða í blaðinu frátekin fyrir lesendabréf, og það rými er öllum ritnefndarmönnum og öðrum sem nálægt blaðinu koma óheimilt að skerða, nema minna liggi fyrir af lesendabréfum. En jafnvel hálfsíða er ekki mikið pláss, svo að þeir sem skrifa okkur, verða að vera við því búnir að við styttum greinar þeirra eða segjum aðeins frá efni þeirra, þegar verst lætur. Með því móti komast flestar raddir að og hægt að koma flestum málum að.

Fjármálarabb

Mér finnst að EIK(m-l) gæti rekið skynsamlegri fjáröflunarpólitík en gert er. Nú eru menn hvattir til að styrkja samtökin með því að gefa fé inná gíróreikning samtakanna. En væri ekki hægt að koma upp styrktarmannakerfi? Þar á ég við, að stuðningsmenn samtakanna, sem ekki eru skipulagðir í starf, væru hvattir til að gefa reglulega inná gíróreikningin einhverja ákveðna upphæð. Hún þarf ekki að vera há - kannski 1500-2000 kr. á mánuði. Ég er sannfærður um, að með áróðri fyrir svona kerfi væri hægt að safna nokkru fé reglulega.

Þetta bendir stuðningsmönnum líka á, að fjárhagslegur stuðningur er mjög mikilvægur, og ef menn vilja framgang kommúnismanns sem mestan þurfa þeir líka að leggja hönd á plógin við að fjármagna umsvifin. Síðan mætti umbuna þeim er greiða reglulega, t.a.m. með ókeypis eintaki af einhverju útgáfuefni, með útgáfu dagatals sem þeim væri sent eða eitthvað þess háttar.

Alla vega: Ég vona að EIK(m-l) láti í sér heyra um þessa uppástungu - og að stuðningsmennirnir taki hana til umhugsunar.
Ég heiti því að leggja krónur 2000 krónur inná gíró EIK(m-l), 67070-2, í byrjun mars þegar ég fæ útborgað!

Baráttukveðjur,
Stuðningsmaður

Til reikningsskila eða .....

Baldvin nokkur birti í 1. tbl. Verkalýðsblaðsins 1979 gagnrýni á EIK-ara fyrir að nota óspart þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar á alþjóðasöng verkamanna í stað þeirrar gömlu venjulegu. Ég tel gagnrýni hans vera í meginatriðum rétta. Það var rangt hjá okkur, sem stóðum að fjöldasöng við styttu Jóns Sigurðssonar 1.des. s.l. að syngja þýðingu Magnúsar þar. Sama gildir um önnur tækifæri þar sem alþjóðasöngnum er ekki útbýtt fjölrituðum. Ég álít einnig, að það hafi verið mistök að birta einungis þýðingu Magnúsar í Bráðabirgðalögum Októberforlagsins. Þar hefði átt að birta báðar þýðingarnar. Það verður vonandi gert, þegar forlagið nemur bráðabirgðalög þessi úr gildi með útgáfu vandaðrar söngbókar.

Það er ekki rétt hjá Baldvin að einungis EIK-arar vilji heldur syngja þýðingu Magnúsar og engan veginn hægt að treysta á að þeir sem syngi þá þýðingu séu flokksbundnir EIK-arar! Til dæmis valdi Kór Alþýðumenningar þýðingu Magnúsar og í þeim góða kór voru nú ekki allir EIK-arar. Það er einnig villandi að kalla þessa þýðingu nýja. Þótt hún sé nýrri en sú hefðbundna, þá er hún nú samt að því að ég held nærri hálfrar aldar gömul og mér er sagt að þýðing Magnúsar hafi verið talsvert sungin hér áður fyrr þegar Nallinn var hafður til hverdagsbrúks.

Ég álít þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar mun betur gerða og boðskap hennar skýrari. Því legg ég til að hún verði notuð á þeim mannamótum, þar sem fjölritaðir textar eða söngbækur eru við hendina, svo hún vinni sér sess í hugum fólks.

Fáein orð um fánann

Íslenski fáninn er ekki merki borgarastéttarinnar, fremur en Jón Sigurðsson er hennar eign eða þá opinberar byggingar. Alþýðan bar uppi sjálfstæðisbaráttuna, þó að hún lyti borgaralegri forystu. Alþýðan byggði byggingarnar og hún mun bæði hirða þær, fánann og Jón Sig. af yfirstéttinni. Þess vegna segi ég: Notum ísl. fánann með þeim rauða, notum Jón sem framsækna persónu sögunnar og trúum ekki því að opinber merki eða annað séu "eignir" eða "einkamerki" afturhaldsins.

Félagi í opinberri - þjónustu.

sósíalismi eða ekki?

Ritstjórn VBL - félagar.

Ég mældi í gamni dálksentimetrana í síðasta blaði, þeir voru um 1000 (þ.e. 1om)

Orðið sósíalismi kom ekki einu sinni fyrir á öllum þessum metrum. Því spyr ég: Á ekki VERKALÝÐSBLAÐIÐ að fjalla um sósíalismann?

Ég er sósíalisti og mig langar að vita hvað sósíalisminn færir okkur.

félagi

Svar: Við vitum ekki alveg, hvaða tölublað "Félagi" á við, en við erum sammála honum um að blaðið megi ekki gleyma að skrifa um sósíalismann og annað fræðandi efni um baráttuna. Við þökkum þessa gagnrýni og munum reyna að fara eftir henni.

Stöðvið þjálfun „víkingasveitanna"!

Hvað myndi gerast ef harka færist í verkfallsbaráttu, ef vernda þyrfti verkfallsbrjóta og hindra verkafólk í vinnustöðvunum? Eða hvernig ætti að stöðva kröfuaðgerðir unglinga sem reyna að ná fram betri félagsþjónustu og aðstöðu? Hvernig ætlar ríkisvaldið að hindra vaxandi fjöldabaráttu gegn alls konar kreppuráðstöfunum þess?

Ein leið er sú að beita lögreglu og dómsvaldi af "nauðsynlegri festu". Þá væri ekki ónýtt að hafa í horni sérþjálfaða lögreglusveit og helstu tæki til slíks. Auðvitað mætti ekki nefna sveitina "uppþotalögreglu" eða skýra frá helsta tilgangi með rekstri hennar. Nei, helst þyrfti að nefna "flugrán", "sendiráðstökur" og "hryðjuverkasveitir" og skuggalega íslendinga.

Dagblaðið segir frá nýrri víkingasveit í sérþjálfun lögreglunnar. Það var þarft. En alþýða manna verður að vita að sveitinni er fyrst og fremst stefnt til höfuðs hennar eigin baráttu, sem yfirvöldum þykir keyra um þverbak, að eigin mati.

"Vinstri alþýðustjórnin" ætlar sannarlega ekki að bregðast því hlutverki að vernda arðránsskipulagið. Einu sinni rifust gamlir forráðamenn Alþýðubandalagsins (þá í Kommúnistaflokknum) útí ríkið fyrir að vilja stofna sérþjálfað lögreglulið á kreppuárunum 1930-'37. Nú stýra þeir og Steingrímur dómsmálaráðherra kylfunum.

Verkalýðsblaðið, EIK-(M-L) og Kína

Á stundum finnst mér umfjöllun VB um Kína vera á þann máta sem mér finnst hún eigi ekki að vera. VB hefir undanfarið birt mikið af góðum greinum um ýmsa þætti sósíalískrar uppbyggingar í Kína og er það vel.

Hins vegar tel ég VB hefði ekki átt að lýsa því yfir í 23.tbl.1978 að það væri "afar rangt" að EIK(m-l) væri gagnrýnislaus fréttastofa Kínverja á Íslandi. Þetta er algeng skoðun og því miður ekki með öllu út í hött. Reyndar er í sömu grein skýring á því hvers vegna skrif um Kína og stefnu Kommúnistaflokks Kína (KFK) eru oft "Hallelújaskrif". Þar segir að það sé ekki hlutverk EIK(m-l) að blása upp þau atriði sem EIK(m-l) og KFK kann að greina á um. Ennfremur segir að flokkarnir séu oftast sammála. Að flokkarnir, EIK(m-l) og KFK, eru oftast sammála kann að stafa af tvennu: að EIK(m-l) api allt upp eftir KFK og í öðru lagi að flokkarnir séu einfaldlega báðir marxlenínískir. Þetta getur að nokkru leyti farið saman. En að sleppa með öllu umfjöllun um þau atriði, sem flokkarnir eru ekki sammála um, gefur fyrri skoðuninni byr undir báða vængi, þótt það þurfi ekki endilega að vera neitt sjálfstæðara en að vera sömu skoðunar. Sjálfstætt mat, annarrar skoðunar, á að taka upp engu síður en sjálfstætt mat sem kemst að sömu meginniðurstöðu. Eða álíta t.d. EIK(m-l) Júgóslavíu vera sósíalískt ríki og Kommúnistabandalag Júgóslavíu vera kommúníska flokk? Að mínum dómi er það ekki svo.

Það, sem fékk mig til að setjast niður og pára til VB bréf, var grein í 5. tbl. 1979 um innrás Kínverja í Víetnam. Þar eru útskýrð, reyndar allvel, ýmis rök fyrir réttmæti innrásar við þær kringumstæður sem við teljum að ríki á þessum slóðum nú. En VB efast alls ekkert um að innrásin hafi verið nauðsynleg. Þótt það sé næsta auðvelt að réttlæta þessa tilteknu innrás er það þó nálega ógjörningur fyrir okkur að vita hversu nauðsynleg hún var. Það er ljóst að hún er hættuspil. Og Kínverjar hljóta að þurfa að hafa ríka ástæðu fyrst þeir leggja út í slíkt hættuspil. Meira getum við varla vitað um nauðsyn innrásarinnar.

Þá finnst mér út í hött fullyrðing framkvæmdanefndar miðstjórnar EIK(m-l), sem birst hefur í dagblöðum, að innrásin sé ekki brot á fullveldi Víetnams. Það finnst mér skrítið fullveldi ef það er ekki brot á því að gera innrás í landið. En þetta kemur réttmæti innrásarinnar ekki við, heldur gefur þetta lesendum tilefni til að dæma afstöðu EIK(m-l) til innrásarinnar út frá rangri forsendu.
Um þetta atriði, hvort má brjóta sjálfsákvörðunarrétt þjóða (ríkisstjórna) sem gerst hafa sekar um árásar- og útþenslustefnu, mætti skrifa langa grein í Rauðliðann. Læt ég því af frekari umfjöllun hér og bið VB og lesendur þess lengi lifa.

BENEDIKT.

Bætum okkur, félagar!

Einingarsamtökin stóðu sig ekki nógu vel á kappræðufundinum með Rauðsokkum um daginn. Í 4.tbl Verkalýðsblaðsins er sagt frá fundinum. Ég er sammála því, sem þar stendur að undanskilinni einni setningu, sem hljóðar þannig:

"Flestir ræddu málin málefnalega, en þó bar á slagorðaglamri og níði á hendur EIK(m-l) frá einstaka persónum".

Það voru ekki bara EIK(m-l) sem urðu fyrir níði og slagorðagjammi, heldur einnig Rauðsokkar. Margir talsmenn stefnu EIK(m-l) gerðu það, sem kommúnistar mega ekki gera: Að slá fram fullyrðingum, sem þeir geta ekki rökstutt. Ég held, að hér sé við Einingarsamtökin öll að sakast, ekki bara félagana, sem staðhæfðu hvað

FRAMHALD Á BLS. 2

horn í síðu

Undirritaður hefur fengið heldur sparlegar viðtökur við horni sínu í síðu. Hann hefur þó fyrir satt að sumir kollegar maóískir hafi sýnt á sér viðkvæmu hliðina og þótt hér heldur glannalega farið með alvarlega hluti. Eða eins og þar stendur:

Maóista megum sjá;
meðfram veggjum læðast.
Að þeim fýrum ekki má
einusinni hæðast.

Horninu hefur ekki borist nein ógrynni af stökum - frekar lítið satt best að segja. Umsjónarmaður var meira að segja svo óforskammaður að týna því litla sem barst í draslinu heima hjá sér - vonandi að hann taki til fyrir næsta blað! En alltaf fellur eitthvað til ef að er gáð. Og maður yrkir oft um það sem enginn hefur athugað.

Austur í Asíu gerðust miklir atburðir eftir að síðasta Horn sá dagsljósið Kannske fyrstu viðbrögðin hafi verið slík:

Mér er ekki orðið sama
með óráði ég geng í hring.
Vambaskjálfta Víetnama
veldur núna Deng sjáping.

Undirritaður auglýsir hér með eftir öðrum viðbrögðum.

Eikarar setja markið hátt. Kommúnistaflokkinn skal stofna fyrir árslok. Og um svo háleit fyrirheit dugir ekki annað en að kveða dýrt:

Treystum flokkinn, ekki er
undan stokkið lengur.
Freistum nokkurs, hvergi hér
hófsamt okkur gengur.

Menn geta dundað sér í góðu tómi að lesa stökuna aftur á bak. Þegar henni var hnoðað saman við illan leik varð óvart til önnur sem tileinka má klofningsmönnum allra flokka, Hannibal, Ólafi Ragnari "babyface", sjömenningum o.fl.:

Skokka, brokka flokk í flokk,
flokk úr flokkum plokka.
Fokka nokk með nokkurn stokk,
nokkra skrokka lokka.

Þriðja línan þarfnast kannske skýringa við, en það er ágætis heimaverkefni fyrir áhugamenn og verður ekki gert hér.

Annars verður umsjónarmaður að ítreka auglýsinguna eftir vísum, frumsömdum og hleruðum. Það má ekki slá í Hornið, eða eins og þar stendur:

Auglýsa ég aftur má
með ástúðlegri blíðu.
Annars fá menn enn að sjá
úldið Horn í síðu.

Hornklofi

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200·9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÖÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
V/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Sigurður Tr. Sigurðsson verkamaður

Sagði af sér öllum trúnaðarstörfum fyrir Verkamannafélagið Hlíf

— í mótmælaskyni við starf og stefnu forystunnar

Í lok janúar sl. fékk formaður Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði í hendur bréf undirritað af Sigurði Tryggva Sigurðssyni, verkamanni í kerskála í Álverinu í Straumsvík. Þar sagði Sigurður Tryggvi af sér öllum trúnaðarstörfum fyrir Hlíf, en hann hafði verið trúnaðarmaður Hlífar í Straumsvík (kjörinn af starfsmönnum í kerskála), setið í stjórn Hlífar o.fl. Í bréfinu tilgreinir hann nokkrar ástæður fyrir afsögninni og telur þessar helstar:

1. Langvarandi trassaháttur með kosningu trúnaðarmanna á vinnustöðum þrátt fyrir að í stjórnarsamþykkt sé gert ráð fyrir kosningu trúnaðarmanna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti.

2. Kosning tveggja manna (af þremur) í uppstillinganefnd átti að fara fram lögum skv. í októbermánuði s.l. Nú þremur mánuðum síðar er enn ókosið í þá nefnd.

3. Formaður félagsins samþykkir, án alls samráðs eða samþykkis félaga í V.m.f. Hlíf gróflega vísitöluskerðingu.

4. Samningaumræður við Ísl. álfélagið h.f. er haldið áfram af hálfu V.m.f. Hlífar þrátt fyrir að forgangsréttur verkamanna til verkamanna starfa hafi verið fótum troðinn af atvinnurekandanum og ennþá hafi enginn formlegur samningur verið gerður til tryggingar þessum frumrétti okkar".

Verkalýðsblaðið hefur aflað sér upplýsinga um það að 70-80 verkamenn í kerskála hafa undirritað stuðningsskjal við Sigurð Tryggva, sem afhent hefur verið stjórn Hlífar. Er hann þar hvattur til að gefa á ný kost á sér í starf trúnaðarmanns á vinnustaðnum, og þar með lýsa verkamenn eindregnum stuðningi við baráttu Sigurðar Tryggva fyrir réttindum og bættum kjörum stéttarbræðra sinna í Straumsvík og annars staðar á svæði Hlífar.

Blaðið lagði nokkrar spurningar fyrir Sigurð Tryggva á dögunum og þá fyrst, hvort aðdragandinn að afsögn hans væri langur.

– Já, afsögnin er aðeins rökrétt framhald af því sem á undan er gengið. Ég hóf störf hjá ÍSAL 1972, var fljótlega kjörinn af verkafólki sem trúnaðarmaður og lenti síðar í stjórn Hlífar. Ég kynntist því fljótlega að vinnubrögð forystunnar gátu verið betri, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og að embættisblærinn á starfi forystuliðs heildarsamtaka verkalýðsins var og er yfirgengilegur. Í stéttaþjóðfélagi er alltaf slagur á milli höfuðstéttanna, verkalýðs og atvinnurekenda. Það hefur hvarflað að mér að í verkalýðsbaráttunni sé oft þyngri róður að eiga við verkalýðsforystuna en atvinnurekendur!

VISNAÐ TRÉ

– Ég hefi alltaf verið þeirrar skoðunar, að forystumenn verkalýðsfélaga eigi að hafa miklu meira samband við vinnustaðina, því þeir eiga að vera frumeining verkalýðshreyfingarinnar. Forystan á að reyna að virkja fólk miklu meira, hlusta á hugmyndir fjöldans og starfa í samræmi við vilja fólksins. Verkalýðsforystan í dag er einangruð og uppbygging hreyfingarinnar er slík að vinnustaðirnir sjálfir eru ekki inni í myndinni. Verkalýðshreyfingin er eins og tré sem hefur ræturnar ofar moldu – slíkt tré visnar fljótt!

Í starfi mínu í Hlíf hefi ég alltaf lagt mikla áherslu á að byggja upp traust trúnaðarmannakerfi, með mönnum sem fólkið á vinnustöðunum kýs sjálft, en eru ekki skipaðir beint af stjórn félagsins. Einnig get ég sagt þér, að frá 26. mars 1976 hefur legið fyrir skjalfest heimildar ákvæði um skipan varatrúnaðarmanna í kerskálanum í Straumsvík, en ekkert hefur verið gert til að nýta þennan sjálfsagða rétt.

Í afsagnarbréfinu er minnst á þá blessun sem formaður Hlífar lagði yfir vísitöluþjófnaðinn 1. des. s.l. Við tókum þetta upp á stjórnarfundi í Hlíf nokkrum dögum eftir samþykkt Verkamannasambandsins á kjaraskerðingarlögunum og samþykktum vítur á framkvæmdastjórn VMSÍ fyrir tiltækið. Samhljóða vítur voru voru samþykktar á almennum fundi í Hlíf. Nær nokkurri átt að formaður félagsins geti svo lagt blessun sína yfir allt saman.

VERKAFOLKIÐ SJÁLFT ER EKKI INNI Í MYNDINNI

Er þetta þá ekki lýsandi dæmi um að raunverulegt vald verkafólks til að hafa áhrif á ákvarðanir varðandi kaup og kjör er hverfandi ?

– Auðvitað sér hver sem vill sjá, að áhrif hins almenna launamanns t.d. á gerð kjarasamninga hafa minnkað ár frá ári. Þessi þróun er mest áberandi innan Verkamannasambands Íslands. Félagsfundum fækkar ískyggilega, en í þeirra stað koma formannaráðstefnur, framkvæmdanefndarfundir og margskonar aðrir klíkufundir. Í stað almennra félagsfunda eru það nú fámennir fundir forystumanna, sem ákveða og marka stefnuna. Afleiðingarnar af þessu eru svo tregari fundarsókn á félagsfundum (þá sjaldan þeir eru haldnir), áhugaleysi launafólks á kjaramálum og óhjákvæmilegt vanmat forystumanna á aðstæðum og vilja fólksins. Hörmulegt dæmi um slíkt vanmat eru mistökin sem áttu sér stað í framkvæmd vinnustöðvunar 1. og 2. mars 1978. Sú ófélagslega árátta forystumanna Verkamannasambandsins að færa hinn raunverulega ákvörðunarrétt almennra félagsfunda í kjaramálum yfir á hendur nokkurra manna, er nú á fyrstu mánuðum ársins 1979 orðin óhugnanleg staðreynd. Verkalýðsforystan gerir formlega og óformlega samninga fyrir hönd verkafólks, án alls samráðs við það. Kaup er endalaust skert, og nú er kaupskerðing talin eðlileg fórn fyrir vinstri stjórnina! Þannig er verkafólki haldið niðri af forystusveit þess sjálfs.

KAUPSKERÐINGARDÚETTINN

Þér geðjast auðheyrilega ekki að því sem verkalýðsforystan er upptekin af núna?

– Nei, af og frá. Mér finnst tvískinnungurverkalýðsforystunnar gagnvart ríkisvaldinu hlægilegur. Í tíð Geirsstjórnarinnar lýstu verkalýðsforingjarnir því margoft yfir, að kaup verkafólks væri ekki ástæðan fyrir botnleysinu í efnahagsmálunum. Nú hamast dúett Karls Steinars og Guðmundar Jaka við að kyrja sönginn um að nú verði að rétta hjálparhönd við að hemja óðaverðbólguna – með því að klípa enn af kaupinu okkar. Framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins er í fararbroddi að semja af verkafólki réttlátar kjarabætur. Þeir kæmust ekki upp með svona nokkuð, ef að verkalýðshreyfingin væri líflegri og öflugri. Verkafólk almennt þarf að sýna hug sinn og styrk í verki.

Hvað sem annars um forystu BSRB má segja, þá hundskast hún þó við að sýna lit! Eða með öðrum orðum, að vegna þrýstings hins almenna félagsmanns, er starfsemi forystunnar mun meira fyrir opnum tjöldum en gengur og gerist í Verkamannasambandinu. Almennt eru félagar í BSRB meðvitaðri um sín mál en í okkar heildarsamtökum. Og árangurinn er eftir því betri.

Verkalýðsblaðið þakkar Sigurði Tryggva Sigurðssyni kjærlega fyrir spjallið.

Stjórnunarfélag Íslands:

Ásmundur kominn á toppinn!

Talsverður slatti af vatni hefur runnið í sjó fram síðan VB beindi síðast kastljósum að auðherrasamkundunni sem kallast Stjórnunarfélag Íslands. Einkum beindust skrif blaðsins að því að sýna fram á tengsl verkalýðsforystunnar og atvinnurekenda í gegn um félagsskap þennan.

Nýlega hélt SÍ aðalfund og er helst af honum að frétta að Ásmundur Stefánsson, fyrrum ASÍ-hagspekingur og fræðslustjóri Stjórnunarfélagsins, hækkaði í tign og var kjörinn í aðalstjórn (til hamingju!) Formaður stjórnarinnar er nýskipaður forstjóri Eimskip, Hörður Sigurgestsson. Í framkvæmdaráð voru kjörnir verkalýðsleiðtogarnir Haraldur Steinþórsson frá BSRB og Snorri Jónsson frá ASÍ. Með þeim sitja mætir menn: Erlendur Einarsson, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, Jón H. Bergs, Kristján Sigurgeirsson, Ottó Michelsen, Ragnar S. Halldórsson og Sveinn Björnsson. Einhverra hluta vegna hefur Alþýðubandalaginu yfirsést að troða Ólafi Ragnari Grímssyni í þetta djobb. Þarna fengi hann þó gullvægið tækifæri til að glíma við hugðarefni sitt: "að koma vitinu fyrir ísl. atvinnurekendur". En trúlega standa Haraldur og Snorri vörð um hagsmuni Alþýðubandalagsins, á þessum mikilvægasta baráttuvettvangi flokksins.

PÉTURSLÖGMÁLIÐ

Í "Stjórnunarfréttum" er getið kvikmynda sem SÍ hefur fengið frá Ameríku (auðvitað!). Önnur er "The Peter principla" (Péturslögmálið): "Í grófum dráttum má segja, að í því felist, að starfsmenn hækki í tign innan fyrirtækja, en að því geti komið, að þeir komist í þá stöðu, sem þeir eru óhæfir til að gegna". Önnur kvikmynd heitir "How to fail in managing without really trying". Þeir sem áhuga hafa á þessum myndum ættu að hafa samband við skrifstofu SÍ.

Að lokum skal getið kafla í "Stjórnarfréttum" sem nefnist Fækkun fjarvista –breytt viðhorf til vinnunnar. Í honum er drepið á þrálátan hausverk stjórnunarmanna, bæði atvinnurekenda og verkalýðsforingja: "Fjarvistir starfsmanna frá vinnu sinni um lengri eða skemmri tíma eru víða mikið vandamál í fyrirtækjum. Þær eiga oftast eðlilegar skýringar að baki, en stundum gefa aðstæður vafasömum skýringum byr undir báða vængi.

Rannsóknir á því hvernig fækka megi fjarvistum úr vinnu hafa verið gerðar við marga erlenda háskóla. Ein slík var gerð við ríkisháskólann í Lousiana. Kannað var hvort vænlegra væri að refsa mönnum fyrir vafasamar fjarvistir ellegar verðlauna góða mætingu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu, að áminningar og refsingar sköpuðu oft slæman vinnuanda og algengt var að fjarvistir jukust. Þá kom í ljós, að umbun fyrir góða mætingu gaf betri árangur en refsingar.

Viðurkenning fyrir góða frammistöðu er mun áhrifaríkari en skammir fyrir hið gagnstæða".

Vonum að lesendur hafi fengið örlitla nasasjón af margbrotnum áhyggjuefnum Stjórnunarfélagsmanna. Að lokum rifjum við upp slag-

Framhald á bls. 6